

Pési

199. tbl. 16. árgangur

Nóv 2006

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

www.hrunamannahreppur.is

Okkar maður leikur píanósónötur Mozarts í Salnum.

Í tilefni þess að 250 ár eru liðin frá fæðingu Wolfgangs Amadeusar Mozarts mun píanósnillingurinn okkar Miklos Dalmay ráðast í það þrekvirki að leika allar píanósónötur Mozarts sem eru 18 að tölu. Miklos mun flytja þær allar á fernum Tíbrártónleikum í Salnum í Kópavogi fjögur mánu-dagskvöld í röð. Í fyrsta sinn 20. nóvember, þá 27.

nóvember, síðan 4. desember og síðast 11. desember. Hér er um stórviðburð að ræða og eru áhugamenn um tónlist hvattir til þess að láta ekki tónleikana fram hjá sér fara. Tónleikarnir eru í samstarfi Hrunamannahrepps, MS og Osta-og smjör-sölnnar.

Efnisyfirlit.

Förystugrein sveitarstjóra:
Velheppnaður fjölþjóðadagur

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Tilkynningar

Auglýsingar

Næsti Pési kemur út:

15. des

Skilafrestur á efni:

12. des.

Sundlaugin á Flúðum:

Opnunartími :

Mánud-föstud.16:00-21:00

Laugard.10:00-18:00

Sunnud. 13:00-18:00

**ATH.Frá 1.des er sundlaugin
lokuð á föstudögum og sunnu-
dögum.**

Velheppnaður fjölþjóðadagur

Síðastliðinn sunnudag var haldinn fyrsti fjölþjóðadagurinn hér í Hrunamannahreppi. Alls tóku fulltrúar frá sex þjóðlönd þátt í deginum. Þetta voru Pólverjar, Úkraníumenn, Rúmenar, Lettar, Norðmenn og Íslendingar. Í stuttu máli má setja að verulega vel hafi til tekist miklu betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Dagur sem þessi sýnir okkur hvað hægt er að gera með samstöðu og samvinnu en ekkert gerist af sjálfu sér. Við Íslendingar þekkjum það af eigin raun að flytja milli landa. Þetta gerðist á dögum Vesturfaranna í upphafi síðustu aldar. Einnig má benda á Ísland hefur alltaf verið blönduð þjóð því þegar að Norðmenn komu hér er talið að Írar hafi verið hér fyrir. Þá tóku Íslendingar vel á móti skipbrotsmönnum og vitað er að skipbrotsmenn blönduðu blóði við Íslendinga og hefur það án nokkurs efa orðið landi og þjóð til góðs. Íslendingar eru gestrisin þjóð og eftir því sem við búum betur að því erlenda fólki sem hér vinnur er líklegra það þeir taki þátt í þjóðlífi okkar og við getum einnig lært af menningu þeirra. Íslenskan er og verður undirstaða þess að erlendir aðilar geti samlagast Íslandi og Íslendingum. Námskeið í íslensku eru nauðsynleg og þess vegna verður að auðvelda þessum borgurum að nema íslensku. Við verðum að kappkosta að ekki skapist togstreita á milli Íslendinga og erlendra aðila sem hér búa og að önnur kynslóð, það eru börn þess fólks sem hingað flytja verði ekki annars flokks þjóðfélagsþegnar. Það hefur einmitt gerst í nokkrum nágrennalanda okkar. Hér í hreppnum hafa um langt skeið búið konur sem er frá Noregi, Danmörku, Þýskalandi og Póllandi og eru svo sannarlega góðir fulltrúar landa sinna, en halda eðlilega tryggð við heimalönd sín um leið og þær eru dyggir þátttakendur í félagsstarfi og þjóðlífinu og sannir Íslendingar. Ómetanlegt er tónlistar- og menningarstarf þeirra Editar Molnár og Miklos Dalmay. Við lifum í breyttu samfélagi talið er að um 11,5 % íbúa Hrunamannahrepps séu erlendir ríkisborgarar og greiða skatta og skyldur til samfélagsins. Öllum þeim sem komu að undirbúningi fjölþjóðadagsins er þakkað af alhug. Í nefndinni sátu Eiríkur Ágústsson, Helga Karlsdóttir, Mildrid Irene Steinberg, Nina Faryna, Michal Jerzy Jozafik. Kvenfélagskonur láta heldur ekki sitt eftir liggja þegar mikið stendur til fremur en fyrri daginn. Vonandi að fjölþjóðadagurinn verði árviss viðburður hér í Hrunamannahreppi.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Pésinn eignast alnafna

Glöggur Bolvíkingur sem hér býr og gengur venjulega hljóðlega um, benti ritstjóra Pésans á að nú hefur Bolungavíkurkaupstaður hafið útgáfu á upplýsingablaði sem nefnist Pésinn. Þannig að okkar Pési hefur eignast alnafna. Við fögnum því að sjálfsögðu og óskum Bolvíkingum til hamingju með sinn Pésa. Okkar Pési er öldungur þar sem hann hefur verið gefinn út um langt skeið en þetta blað er einmitt 199 tölublað Pésans. Það verður enn algengara að sveitarfélög gefi út upplýsingaefni til íbúanna. Við erum ánægð með það hve okkar Pési er mikið lesinn og gerum okkur grein fyrir því að hann er skrifaður í léttum dúr, svolítill sagnfræði til lengri tíma litið og vonandi einhverjum til ánægju.

Límtré – bætt starfsaðstaða

Eins og lesendum Pésans er kunnugt um hafa orðið miklar eignabreytingar á fyrirtækinu Límtré Vírnet ehf. Fyrirtækið er heimamönnum afar kært enda hafa um 20 manns atvinnu í Límtrésverksmiðjunni hér á Flúðum en auk þess eru starfsstöðvar fyrirtækisins víðar. Nú hefur nýtt skrifstofu- og þjónustuhúsnæði verið tekið í notkun og hefur starfsaðstaðan batnað til mikilla muna. Líkja má þessu við byltingu. Þá hefur verið ráðinn matráður í Límtrésverksmiðjuna Það er hún Hanna Lára Bjarnadóttir í Haukholtum. Hanna er nú enginn nýgræðingur í faginu, ekki bara að hún hafi kokkað í vini vora í Haukholtum og skólabörnin í Flúðaskóla, heldur hefur hún yfir sumartímenn farið margar ferðir á vegum Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar.

Ný lýsing í Félagsheimilinu

Guðmundur húsvörður er áhugasamur um að bæta aðstöðu í Félagsheimilinu. Nú hefur verið sett upp ný lýsing í anddyrinu. Lýsingin kemur vel út og verður hægt að dempa ljósin þegar rómantíkin grípur Hrunamenn og aðra gesti Félagsheimilisins. Óvíst er hvort nauðsynlegt verði að dempa ljósin á karlakvöldi Karlakórs Hreppamanna sem verður 17. nóv. n.k. það á eftir að koma í ljós.

Púrri – sellerí

Eitthvað fór ritstjórinn hratt og ónákvæmlega yfir sögu þegar skrifað var um púrri og sellerí framleiðslu í Hrunamannahreppi í síðasta Pésa. Forsaga málsins er að í garðyrkjustöðvunum í Hvammi og Garði var til skamms tíma framleidd púrri en vissulega er nú framleidd púrri í garðyrkjustöðinni á Reykjaföt. Þá er fyrirtækið Gróður ehf. sem er í eigu Þorleifs Jóhannessonar og Sjafnar Sigurðardóttur aðalframleiðendur að sellerí. Hvað sem öðru líður er skemmtilegt að fylgjast með öllum þeim nýjungum sem eiga sér stað í framleiðslu á grænmeti á okkar svæði og markaðurinn kann svo sannarlega að meta þessa stóriðju okkar hér í hreppnum, sem garðyrkjan svo sannarlega er.

Innbrot í Félagsheimilið.

Það var ljót aðkoman þegar Guðmundur Karl húsvörður kom til vinnu s.l. föstudagsmorgun. Óprúttir aðilar höfðu brotist inn í Félagsheimilið þá um nóttina. Stolið var ýmsum verðmætum lausamunum s.s. fartölvum, myndavél og skjávarpa. Þá skemmdust hurðir sem spenntar voru upp. Atburðurinn var þegar kærður til lögreglu og var Lögreglan á Selfossi kölluð til auk þess sem fulltrúi VÍS Smári Kristjánsson kom á staðinn til þess að meta tjónið.

Smári hefur nú oft komið í þetta samkomuhús sem og önnur á Suðurlandi því hann var bassaleikari í hinni vinsælu hljómsveit Mánnum frá Selfossi í eina tíð.

Allir þeir sem hafa orðið varir við dularfullar mannaferðir aðfaranótt föstudagsins 3. nóvember eru beðnir um að láta Lögregluna á Selfossi vita.

Erum að reyna að bæta okkur.

Á skrifstofu Hrunamannahrepps starfar gott fólk þó að sveitarstjórinn sé eins og hann er. Á þriðjudaginn var, fór skrifstofuliðið á námskeið í skjalavörslu og munum við setja upp skjalavörslukerfi á næstunni með aðstoð Héraðsskjalavarðar Árnassýslu Birni Pálssyni. Það er mikið mál að halda utan um skjöl þannig að þau séu aðgengileg og vonandi tekst okkur að koma enn betra skikki á þá hluti hjá okkur. Björn mun verða hér hjá okkur á skrifstofunni á næstunni til þess að aðstoða okkur við skjalavörsluna.

Jónína mundar pensilinn af snilld

Hún kemur okkur skemmtilega á óvart hún Jónína Kristbjörg Björnsdóttir þar sem hún sýnir, í anddyri verslunarinnar Strax á Flúðum, falleg málverk sem hún hefur málað. Það gefur lífinu gildi að hafa skapandi og gefandi áhugamál. Þetta er í fyrsta sinn sem Jónína sýnir myndir opinberlega. Myndirnar eru til sölu og þeir sem hafa áhuga á að kaupa mynd ættu að hringja í síma 4866709 eða 865-3577. Til hamingju með sýninguna og vonandi heldur Jónína áfram að mála sér og öðrum til ánægju. Það er einnig skemmtilegt að nýta plássið í versluninni með sýningum sem þessari.

Málingarlykt í íþróttahúsinu.

Þeir hafa keppt við að undanfögnu Heimir Gunnarsson, málari og Hjálmar Gunnarsson, húsvörður. Um tíma deildu menn um það hvor væri betri í faginu og eftir nákvæma rannsókn þurfti Vestfirðingurinn Hjálmar að játa sig sigraðan enda við málarameistara að keppa. Hins vegar er allt annað að koma í íþróttahúsið og ætti fólk að leggja leið sína þangað ekki einungis til þess að bera saman hvor þeirra málur betur, heldur til þess að styrkja vöðvana og undirbúa sig fyrir jólaskreytingar og jólaundirbúning.

Tilboð sem erfitt er að standast!

Í íþróttahúsinu er ágætur þreksalur sem við mættum nýta enn betur. Sundlaugin okkar er auðvitað barn síns tíma en óskaplega er nú gott að svamla í heita vatninu ekki síður þegar vetur konungur hefur gengið í garð heldur en þegar sól er hæst á lofti á sumrin. 1. desember mun árskort í sund og íþróttahúsið kosta kr. 21.000 en þeir sem kaupa árskort fyrir þann tíma geta keypt þau á gamla verðinu kr. 16.000. Þetta er “spottprís” þó að íþróttahúsið sé lokað yfir sumartímamann. Árskortin má kaupa í sundlauginni eða í íþróttahúsinu. Einhverjir eru þegar farnir að hugsa um hvort þeir komist í smókinginn eða síðkjólinn fyrir hjónaballið. Það er bæði ódýrara og heilnæmara að bregða sér í íþróttahúsið eða sundlaugina til þess að komast í dressin, heldur en að fara í Kringluna til innkaupa á nýjum klæðnaði. Ólíklegustu menn hafa sést í þreksalum að undanfögnu.

Framkvæmdir á Heimalandi

Það er mikið og gott starf eldri borgara hér í Hrunamannahreppi. Ekki nóg með að eldri borgararnir séu að föndra, spila eða gera annað skemmtilegt. Nú hafa þeir félagar Karl Gunnlaugsson og Ólafur Guðjónsson sem eitt sinn var strætisvagnabílstjóri í Reykjavík unnið að breytingum á félagsaðstöðunni í Heimalandi. Þeir hafa rekið axlirnar í a.m.k. í einn vegg sem eðlilega þurfti undan að láta. Allt var þetta fyrirfram ákveðið til þess að auka rými til spilamennsku og annarra félagsstarfa í þjónusturýminu. Verkinu miðar vel áfram og halda því margir fram að yngri smiðirnir þó sprenglærðir og duglegir séu, gætu margt af þessum görpum lært, sem stundum eru kenndir við 70+ eins og það er kallað á nútímamáli þegar menn eru komnir á áttræðisaldurinn. Vert er að hrósa köppunum fyrir frumkvæðið og þeim konum sem stýra verkinu, því hér sem annarstaðar hlýðum við karlarnir konunum enda er það vissara fyrir okkur karlpeninginn.

Erindisbréf á erindisbréf ofan!

Gengið hefur verið frá erindisbréfum fyrir skólabílstjóra hjá Flúðaskóla. Þá hefur einnig verið gengið frá erindisbréfi fyrir Umhverfis- og samgöngunefnd Hrunamannahrepps. Á síðasta hreppsnefndarfundi voru samþykktar tillögur að meðhöndlun úrgangs og samþykktum um sorpflutninga- og sorpeyðingu. Síðastnefndu samþykktirnar hafa verið sendar Heilbrigðiseftirlitinu til yfirferðar en þaðan verða þær sendar til Umhverfisstofnunar til endanlegrar samþykktar. Í gamla daga lásúm við um Einbjörn sem togaði í Tvíbjörn, Tvíbjörn í Þríbjörn og þannig er þetta í raun og veru um samþykktirnar líka. Nútíminn getur verið svolítið fólkin.

Merki hreppsins

Á síðasta fundi hreppsnefndar var ákveðið að ganga til viðræðna við ungan og efnilegan Hrunamann um að halda áfram að útfæra merki Hrunamannahrepps. Hann heitir Jóhannes Freyr Þorleifsson frá Hverabakka og er í óða önn að læra til flugmanns en hann er einnig grafískur hönnuður. Nokkrar aðrar tillögur bárust og er hreppsnefnd þakklát öllum þeim sem þátt tóku í hugmyndasamkeppni um merkið. Vonandi tekst okkur að ljúka útfærslu á merkinu fyrir áramót þannig að við getum notað merki Hrunamannahrepps á nýju ári.

Söngkona á heismælikvarða.

Ragnar Kristinn Kristjánsson f.v. sveppabóndi er listfengur og listhneigður maður eins og við þekkjum. Hann stóð fyrir skemmtilegum tónleikum á síðasta ári hér í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Samskonar tónleikar voru einnig á Ísafirði og í Salnum í Kópavogi. Á tónleikunum lék Dzintra Erliha píanóleikari en Maija Kovalevska, sópransöngkona söng. Hér voru einstakir ungir listamenn á ferð frá Lettlandi og misstu allt of margir Hreppamenn af tónleikunum þrátt fyrir góða auglýsingu og kynningu. Hinn þekkti söngvari Placido Domingo efnir árlega til samkeppni ungra söngvara undir 30 ára aldri þar sem fólk allstaðar úr heiminum tekur þátt í. Alls sóttu um 1200 söngvarar um að keppa og voru 40 teknir inn í keppnina. Keppnin var haldin 24. -30 október síðustu viku í Valencia á Spáni. Maija Kovalevska sigraði keppnina þannig að greinilegt er að Ragnar veit hvað hann syngur! Vonandi fáum við aftur möguleika á að hlýða á þessa ungu og efnilegu söngkonu.

Opnunartími sundlaugar.

Á síðasta hreppsnefndarfundum var ákveðið að breyta opnunartíma sundlaugarinnar yfir há veturinn. Ákveðið var að loka sundlauginni á föstudögum og sunnudögum frá 1. desember til 1. mars n.k. Ástæður þessa eru að mjög lítil aðsókn er að sundlauginni þessa vikudaga yfir há veturinn. Starfsmenn sundlaugarinnar skrá aðsókn að lauginni m.v. opnunartíma. Í fyrra sóttu laugina 13 manns að jafnaði á sunnudögum og 15. manns á föstudögum að meðaltali. Þetta er gert í tilraunaskini. Mest aðsókn yfir veturinn er á mánudögum þá koma að meðaltali 26 manns í laugina á þriðjudögum og miðvikudögum 23 á fimmtudögum 19 og á laugardögum 21. Þetta er alltof slök aðsókn og hvetjum við fólk til þess að nýta þessa heilsulind betur.

Styrkir til verkefna

Sveitarstjóri sendi Vinnumálastofnun umsókn um styrk til sérstakra verkefna á vegum svæðismiðlunarinnar. Hrunamannahreppur hefur fengið úthlutað tveimur störfum í 12 mánuði eða 4 störf í 6 mánuði. Þetta er afar jákvætt og verður til þess að þeir sem skrá sig atvinnulausa fá vinnu sem tengist verkefnum á vegum sveitarfélagsins.

Áhugi á uppgræðslu á afrétti.

Sigurður H. Magnússon líffræðingur frá Bryðjuholti er einn af þeim góðu mönnum sem hafa óendanlegan áhuga á uppgræðslu á afrétti okkar. Sömu sögu má segja um fjölmarga einstaklinga og félög í hreppnum s.s. Kiwanismenn o.m.fl. Fyrir þetta erum við mjög þakk-lát því uppgræðslan er allra hagur. Fulltrúar Landgræðslunnar hafa heldur ekki látið sitt eftir liggja með Svein Runólfsson og Sigprúði Jónsdóttur í fararbroddi. Á dögnum hlaut Sigurður mikla viðurkenn-ingu fyrir störf sín þegar hann hlaut Landgræðsluverðlaunin 2006. Í lok október var haldinn fundur áhugamanna um uppgræðslu á afrétt-inum þar sem við höfum áhuga á að dreifa strandrey sem Georg Ottós-son garðyrkjubóndi vill láta af hendi og dreifa í rofabörð á afréttinum. Héraðsdýralæknir hefur gefið leyfi til þessa og nú hafa Jón Óli Einars-son í Tungufelli og Georg gert tilraunir með að blása strandrey í rofa-börð við Skollabúdir. Tæknilega virðist ekkert vera í veginum fyrir því að þetta gangi upp. Ákveðið hefur verið að halda áfram þessum til-raunum næsta sumar og eru allir áhugamenn félög og einstaklingar hvattir til þess að aðstoða við uppgræðslu á afrétti okkar.

Vinsamlega athugið.

Eftirleiðis er óheimilt að koma með steypustykki eða jarðveg á gáma-svæðið. Skrifstofa sveitarfélags veitir leiðbeiningar um staðsetningu jarðvegsmóttöku. Trjágróður, tré og greinar skulu vera aðgreind frá öðrum úrgangi. Trjárætur eða rótahnyðjur skulu fara í gám eða á jarð-vegstip. Tómata-, gúrku- og paprikuplöntur skulu koma án steinullar-kubba. Steinullin á að fara í gám og í urðun.

Þetta er samkvæmt fyrirmælum Heilbrigðisyfirvalda.

Vinsamlega gangið vel um svæðið svo við fáum að hafa það opið áfram.

Nánari upplýsingar í síma 899 3092

Tómas Þórir Jónsson

Meðhöndlun hinna “gleymdu” vöðva
Skynhreyfipjálfun með aðferð dr. Helgu Pohl
(= vöðvanudd, bandvefsnudd, æfingar)

Fjöldi fólks stríðir við þráláta verki einhvern tíma á lífsleiðinni:
Stirðleiki að morgni dags!
Bakverkir! Aðrir verkir!
Hvert skref verður kvalræði!
Hnakka- og höfuðverkir koma í veg fyrir skýra hugsun!
Dofi, kuldi og tilfinningaleysi á höndum og fótum valda stöðugum óþægindum!

Fylgir þetta kannski aldrinum? Það eru engin rök!!

Takmörkuð hreyfigeta, rangstaða, áverkar hvers konar, hræðsla og depurð hrannast upp, þar við bætist hið daglega álag “ég verð”. Allt hefur þetta með tímanum meiri og minni neikvæð áhrif á vöðvakerfi líkamans. Langvarandi vöðvabólga getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér: t.d. brjós-klos, mígreni, þunglyndi, kvíða, ertandi hósta, magaverki og depurð svo eitthvað sé nefnt.

Ertu búin(n) að reyna margt án þess að fá bata?

Meðhöndlun hinna “gleymdu” vöðva -
Skynhreyfipjálfun með aðferð dr. Helgu Pohl, gæti verið lausnin!

Á miðvikudögum í Hestakránni, Húsatóftum

Upplýsingar og tímapantanir: Petra Mazetti, sími 892 1340.

Eva Marín Hlynsdóttir
Herbaliferáðgjafi
Skráning og nánari uppl
í síma 892-6728

“Þessi skemmtilega ferðasaga sem hér birtist er tekin úr gamalli gestabók úr Leppistungum”

Leppistungum, sunnudaginn 23. ágúst 1959.

Hér komum við í gærkvöldi utan af Tunngnamannafrétti þar sem við höfum verið nokkra daga við náttúruskoðun. Förunautar þess sem þetta skrifar (í svefnpoka kl.7 að morgni) eru Óskar Bjarnason efnaf-efnafr. í Rvík og Spútnik hinn gerzki. Hinn fyrnefndi hrytur hér uppi á palli, en hinn síðarnefndi stendur í höm í hvössum landnyrðingi fyrir utan dyr. Um hann var þetta kveðið:

“Hvað Spútnik hinn fyrr i til frægðar sér vann, það færum vér hér ekki í letur, en sýnt er, að nafni hans síðari rann, um sunnlenska af-rétti betur.”

(Þetta er alls ekki eftir mig, heldur hefur annar Hreppamaður stolið meginefni vísunnar frá þjóðskáldi.)

Við fórum yfir Jökulkvíslina á brúnni og ókum fram á milli Skeljafells og Mosfells. Fengum ágætan veg og vorum oft á bílsslóð, sem við áttum enga von á. Skammt fyrir innan Búðarháls komum við á ruddan veg, sem við áttum því síður von á, og fórum hann hingað. Annars ætluðum við fram á milli Búðarhjalla í Svínárnes, og þangað er nú ferðinni heitið í dag. Ef þið rekist á slóð okkar, kann ykkur að virðast hún fáránlega hlykkjótt á köflum, eins og við hefðum verið að eltast við kindur eða villast í þoku. En ástæðan er önnur: við erum að skoða jökulrákaðar klappir, og þær eru hér víða. Rákirnar á klöppunum stefna hér í norðvestur. Af þeim (og ýmsu fleira) er ljóst, að fyrir eitthvað um 20 þúsund árum hallaði hér norður af. Þá var svo þykkur jökull yfir sunnarnverðu miðhálandinu, að skriðjöklar gengu norður yfir Kjöl til Húnaþings (einnig norður yfir Sprengisand) En hafið hljótt um þetta. Hver veit nema Auðkýlingar og aðrir norðlingar geri kröfur til landnytja sunnan vatnaskila, ef þeir fréttu af þessu.

Ég býst við, að þið, sem finnið þetta bréf, séuð fjallmenn úr minni sveit, Hrunamannahreppi. Ég þakka ágæta gistingu hér í kofanum og óska ykkur alls góðs í leitunum—góðra heimta, góðrar heimkomu og góðrar skemmtunar í réttunum í Hrunavelli og á réttaballinum á Flúðum. Bið að heilsa þeim sveitungum mínum, sem muna eftir mér.

Guðmundur Kjartansson.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

*Tímapantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)*



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 17. nóv, 1. des
og 15. des.

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Minni einnig á Hárgreiðslustofuna í Árnesi

Sími 893-6084

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga 15:30-21:00

Föstudaga 13:00-20:00

Laugardaga Lokað


Sunnudaga 15:30-20:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps


Opnunartími hreppsskrifstofu

Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.

Mánudaga til föstudaga.



Rafverktaki



Fjalla raf
sími 662-0530

Hjörleifur Ólafsson
Löggiltur rafvirkjameistari

Fossi.
Hrunamannahreppi
845 Flúðir
Sími 662-0530 fax 486-6432
fossi@fossi.is

Skil á forðagæsluskýrslum.

Umráðamenn búfjár eru minntir á að skila útfylltum eyðublöðum um búfjáfjölda og fóðurbirgðir til búfjárefntirlitsmanns fyrir 20. nóvember. Eyðublöðin hafa verið þegar verið send til umráðamanna. Til hagræðis er hægt að skila skýrslunum á Skrifstofu Hrunamannahrepps.
Búfjárefntirlitsmaður.
Loftur Þorsteinsson

P.S.

Ég hef grun um að hreppsnefnd hafi samþykkt gjaldskrá til að innheimta eftir, gjald hjá þeim, sem ekki skila skýrslum á réttum tíma.

Loftur.



Frá Bókasafni Hrunamanna.

Nú fara jólabækurnar að berast í bókasafnið og um að gera að koma og líta á þær. Jólabækurnar eru merktar til skammtímaláns, sem þýðir að lánþegi getur haft bókina í **2 vikur**. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar og eru því fljótir að skila þeim.

Á bókasafninu færðu líka Vikuna, Mannlíf, Gestgjafann, Hús og Híbyli, Andrés Önd syrpu, Galdrastelpur og fleira skemmtilegt lesefni. Lánstími á nýjustu tímaritunum er **1 vika**.

Lánstími eldri bóka og tímarita er **4 vikur** og útlán má framlengja með einu símtali.

Á bókasafninu er tölva fyrir almenning tengd Internetinu. Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Vetraropnun:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Vinsamlegast munið að skila bókum ef einhverjar finnast í jólatiltektinni.

Hvetjum alla, unga sem aldna til að lesa sér til gagns og gamans. Fjöldi góðra bóka og nýtt efni í hverri viku.

**Velkomin í
bókasafnið.**

Félagsheimilinu Flúðum
Sími: 486 6708
Tölvupóstur:


bokasafn@fludir.is

Nýsaumur, hönnun, fatabreytingar og viðgerðir.

Er við á saumastofunni frá kl. 9-13 eða eftir samkomulagi.

Námskeið í ullarþæfingu

Stefni á að halda létt námskeið í ullarþæfingu seinnipartinn í nóvember. Áhugasamir hafið samband sem fyrst.



Erna Óðinsdóttir
Klæðskeri
Vesturbrún 13
899-8423

godirhalsar@mmedia.is

Frá fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins

Þann 3. desember, fyrsta sunnudag í aðventu, verður hinn árlegi fjáröflunardagur Kvenfélagsins. Hann hefst kl. 14:00 í Félagsheimili Hrunamanna .

Við verðum með tombólu, kökubasar og söluborð, einnig verða seldar vöfflur og heitt súkkulaði.

Ágætu félagskonur, tekið er á móti kökum á kökubasarinn frá kl. 13:00 laugardaginn 2. desember.

Þeir sem áhuga hafa á að vera með söluborð vinsamlegast pantið í síðasta lagi föstudaginn 1. desember í síma 862 8315 (Ingibjörg) og 486 6767 (Sigríður)

Hreppamenn við biðjum ykkur að styrkja gott málefni og eiga glaðan dag með okkur.

Fjáröflunarnefndin

Flúðafflugvöllur

Í október blaði Pésa skrifar Gunnar Hallgrímsson um þær ráðagerðir manna

að reisa reiðhöll á Flúðum. Þær hugmyndir eru vissulega áhugaverðar og vonandi verða þær að veruleika. En Gunnar virðist ekki sjá annan stað fyrir væntanlega reiðhöll en flugvöllinn og máli sínu til stuðnings segir Gunnar: “Flugvöllurinn

hefur þróast út í að vera leikvöllur fárra manna, og er ekki nýttur nema örfáa daga á ári”. Einnig segir hann hagnýta þýðingu enga. Þessar fullyrðingar eru fjarri sanni. Flúðafflugvöllur er einn af mest notuðu flugvöllum landsins fyrir utan þá flugvelli sem reglubundið áætlunarflug er til. Nálægðin við Flúðir er einmitt það sem gerir hann svo vinsælan, þar er stutt í verslun, sund, golf ofl., einnig er hann talsvert notaður af sumarbústaðafólki.

Sveitarfélagið ber engan kostnað af flugvöllum en hefur aftur á móti af honum dálitlar tekjur.

Það kostaði margra ára baráttu og mikla vinnu nokkurra manna að gera flugvöllinn að veruleika og vonandi er að baráttan fyrir reiðhöll fái farsælan endi en það er sorglegt til þess að vita að menn sjái ekki aðra leið en að ráðast á og rífa niður það sem áður hefur áunnist.

Margt fólk úr þéttbýlinu og víðar lítur á Flúðir og Hrunamannahrepp sem einkar áhugaverðan stað, það eru margir þættir sem skapa þá ímynd og er flugvöllurinn einn af þeim Í gegnum tíðina hafa verið haldnar þar ýmiskonar uppákomur t.d. alþjóðlegt mót í fallhlífastökki, lendingarkeppnir ofl. sem dregið hefur að talsverðan fjölda fólks.

Möguleiki er á að slíkum viðburðum fjölgi í framtíðinni þar sem vaxandi áhugi er á ýmiskonar flugsporti í landinu. Það hlýtur að vera pláss fyrir alla.

Emil Guðjónsson velunnari Hrunamannahrepps
emilg@mi.is

FLÚÐALEIÐ ehf. og FLYTJ- ANDI

Ferðaáætlun í uppsveitir Árneshlíða

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum 15): alla virka daga kl: 13⁰⁰

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytjanda): alla virka daga kl: 14⁰⁰

Aukaferð farinn frá Reykjavík kl: 16⁰⁰ alla föstudaga.

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla áburðarsöluaðila

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum í síma: 892-2370

Aðrir símar:

Vöruafgreiðsla: 486-1070 Gregor: 892-2371 Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693
Netfang: fludaleid@simnet.is

Með Kveðju



Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax á Flúðum.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Auglýsing..
Óskum eftir húsnæði/jörð til kaups eða leigu.

Halldóra og Steini
892 1276/486 6576

Bíll til sölu.
Daihatsu applause árgerð 1991
Sími 486 6694/869 5076
Staðsettur á Högnastíg 15b

Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Barnastarfið er komið á góðan reksþöl, fjölbreytt efni og dagskrá í boði.

Búið er að útdeila 35 bókum til barna sem er ágætt en gjarnan vildum við sjá fleiri börn og fullorðna. Áður hefur það verið nefnt að það er upplagt verkefni fyrir afa eða ömmu að taka barnabörn með sér í kirkjuskólann.

Við erum svo heppin að hafa fengið frábæran samstarfsaðila í þetta verkefni. Þetta er Dagbjört Eiríksdóttir grunnskólakennari. Það er óhætt að fullyrða að stundirnar eru nú mun líflegri en oft áður.

Fermingarstarfið er líka í föstum skorðum en þó nokkuð öðruvísi en áður því nú tökum við séra Axel Árnason allan 8. bekk til okkar upp í safnaðarheimilið í Hruna, annan hvern mánudag.

Þetta er kraftmikill hópur og til marks um það þá brugðu þau sér í söfnun fyrir Hjálparstarf kirkjunnar eftir kennsluna síðasta mánudag og á skömmum tíma söfnuðu þau rúmum 60.000 krónum.

Til hamingju krakkar og kærar þakkir til ykkar allra sem létuð fé af mörkum til þessa mikilvæga málefnis.

Helgihaldið framundan

Barnastarf er í Hrunakirkju alla sunnudagsmorgna kl.11.

Kyrrðarstundir verða í Hrepphólakirkju sunnudagskvöldin 12. nóvember kl.20:30 og 26. nóvember kl.20:30

Fjölskylduguðsþjónusta verður í Hrunakirkju sunnudaginn 19. nóvember kl.11:00

Aðventuhátíðin okkar verður að þessu sinni haldin 3. desember í félagsheimilinu eins og venja hefur verið. Þetta verður nánar auglýst síðar.

Úr Kirkjubókinni

Skírnir

7. janúar var **Baldur Þór** skírður heima. Hann er fæddur 4. desember '05. Foreldrar hans eru Ólafur Bjarni Sigursveinsson og Marlín Aldís Stefánsdóttir Högnastíg 13a á Flúðum.

8. janúar var **Mikael Grétar** skírður í heimahúsi að Suðurbrún 1. Hann er fæddur 31. 10. 05. Foreldrar hans eru Rakel Hannibalsdóttir og Fannar Geir Ólafsson.

14. janúar var **Elísabet Elín** skírð í Hrunakirkju. Hún er fædd 17. 12. 05. Foreldrar: Sveinn Rúnar Júlíusson frá Ljónastíg 2 Flúðum og Guðlaug Jóna Sigurjónsdóttir, þau eru búsett í Reykjavík.

15. janúar var **Eiður Helgi** skírður í Hrepphólakirkju. Hann er fæddur 12. 12. 05. Foreldrar: Héðinn Þór Gunnarsson og Ragnheiður Guðný Magnúsdóttir frá Birtingaholti. Þau eru búsett í Reykjavík.

5. mars var **Anna Katrín** skírð við messu í Hrunakirkju. Hún er fædd 2. febrúar '06. Foreldrar: Magnús Víðir Guðmundsson og Kristín Karólína Ólafsdóttir Högnastíg 10 Flúðum.

11. mars var **Matthildur Sif** skírð í heimahúsi. Hún er fædd 7. des. '05. Foreldrar: Páll Guðmundsson frá Sunnuhlíð og Alma Jenný Sigurðardóttir, þá búsett Ljósheimum 11 Reykjavík.

13. apríl var **Ari Þór** skírður í Hrunakirkju. Hann er fæddur 27. mars 06. Foreldrar Birna Sif Kristínardóttir (Bragadóttur sem búsett er á Flúðum) og Kristmundur Daníelsson. Þau búa í Eski hlíð 6 í Reykjavík.

3. júní var **Patrekur Þór** skírður í heimahúsi Suðurbrún 1. Hann er fæddur 15. maí 06

Foreldrar: Guðrún Edda Hannibalsdóttir og Gísli Jóesp Hreggviðsson.

5. júní var **Dýrleif Nanna** skírð í Hrunakirkju. Hún er fædd 5. apríl 06: Foreldrar Guðmundur Karl Sigurdórsson (ættaður í móður- og föðurætt úr Hreppnum) og Jóhanna Sigríður Hannesdóttir. Þau búa á Stóru Sandvík, sveitarfélaginu Árborg.

20. ágúst var **Valdís Una** skírð í Hrunakirkju. Hún er fædd 17. ágúst 05. Foreldrar: Guðmann Unnsteinsson og Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir, Langholtskoti.

10. september var **Magni Fannar** skírður í heimahúsi Högnastíg 3. Hann er fæddur 30. júlí '06. Foreldrar: Jón Gunnar Sigurðarson og Ester Ágústa Guðmundsdóttir Smiðjustíg 6 Flúðum.

24. september var **Jón Valgeir** skírður í Hrunakirkju. Hann er fæddur 23. júní '06. Foreldrar: Berglind Ágústsdóttir og Ragnar Sölvi Geirsson Efra- Langholti.

1. október var **Daníel Breki** skírður í Hrepphólakirkju. Hann er fæddur 2. ágúst '06. Foreldrar: Erla Eypórsdóttir (ættuð frá Breiðási) og Elvar Atli Hallsson, þau eru búsett í Reykjavík.

Útfarir

Fjóla Elíasdóttir var jarðsungen frá Hrunakirkju 31. mars. Hún var fædd 13. apríl 1914 og lést þann 17. mars 2006.

Guðlaug Sjöfn Hannesdóttir var jarðsungen frá Hrunakirkju 23. ágúst sl.. Hún var fædd 28. júní 1938 og lést þann 11. ágúst 2006.

Margrét Karlsdóttir var jarðsungen frá Hrunakirkju 2. september sl.. Hún var fædd 10. nóvember 1936 og lést þann 22. ágúst 2006.

Mikrofinnir M.P.
trukki

Landflutningar
SAMSKIP

Brottför frá Flúðum
Kl. 08:00 mánud. til föstudaga.
Brottför frá Landflutningum Reykjavík
Kl. 12:00 mánud. til föstudaga.

Vöndull ehf Högnastíg 1.
Jóhann Unnar Guðmundsson.
Sími: 856-1580



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. 480-4700.